

Priðjudaginn 15. apríl 1975.

Nr. 129/1973. **Sigurður Stefánsson**

(Sveinn Snorrason hrl.)

gegn

Protabúi Kaupfélags Austfjarða

(Árni Halldórsson hrl.).

Dómenndur:

**hæstaréttardómararnir Benedikt Sigurjónsson, Ármann Snæ-
varr, Einar Arnalds, Logi Einarsson og Magnús Þ. Torfason.**

Skiptamál. Skuldaröð.

Dómur Hæstaréttar.

Áfrýjandi hefur áfrýjað máli þessu með stefnu 7. september 1973, að fengnu áfrýjunarleyfi 13. ágúst s. á. Krefst hann þess aðallega, að stefnda verði dæmt að greiða honum kr. 27.052 með 7% ársvöxtum frá 1. janúar 1969 til greiðsludags, en til vara kr. 18.492 með 7% ársvöxtum frá 1. janúar 1969 til greiðsludags. Fjárhæðir þessar krefst áfrýjandi aðallega, að stefnda verði dæmt að greiða honum utan skuldaraðar, en til vara sem forgangskrafa samkvæmt 83. gr. laga nr. 3/1878. Þá krefst áfrýjandi málskostnaðar úr hendi stefnda bæði í héraði og fyrir Hæstarétti, eins og málið væri ekki gjafsóknarmál, en hann fékk gjafsókn fyrir Hæstarétti með bréfi dómsmálaráðuneytis 14. nóvember 1972.

Stefndi krefst staðfestingar hins áfrýjaða úrskurðar og málskostnaðar fyrir Hæstarétti.

Fé það, sem hér um ræðir, er talið vera verðbætur vegna landbúnaðarafurða, er áfrýjandi lagði inn í Kaupfélag Austfjarða á árunum 1966 og 1967. Kaupfélaginu var ekki skylt að halda vörum þessum sérgreindum og gerði það ekki, eftir að þær höfðu verið vegnar og metnar. Verður ekki talið, að áfrýjandi hafi verið eigandi afurðanna, er kaupfélagið seldi þær. Getur hann þegar af þessari ástæðu ekki krafist að fá andvirði þeirra greitt utan skuldaraðar úr þrotabúi kaupfélagsins.

Ekki verður á það fallist með áfrýjanda, að krafa hans stafi af fjárvörslu samkvæmt a lið 83. gr. laga nr. 3/1878, og eigi verður henni jafnað til launakröfu samkvæmt 5. tl., b liðs, sömu greinar. Verður krafan því ekki tekin til greina sem forgangskrafa í þrotabúinu.

Samkvæmt þessu ber að staðfesta hinn áfrýjaða úrskurð.

Áfrýjandi greiði stefnda málskostnað fyrir Hæstarétti, sem ákveðst kr. 20.000.

Gjafsóknarkostnaður málsins fyrir Hæstarétti greiðist úr ríkissjóði, þar með talin málflutningslaun skipaðs talsmanns áfrýjanda, sem ákveðast kr. 20.000.

Það athugast, að ástæðulaust var, að hinn reglulegi skiptaráðandi viki sæti í máli þessu.

D ó m s o r ð :

Hinn áfrýjaði úrskurður á að vera óraskaður.

Áfrýjandi, Sigurður Stefánsson, greiði stefnda, þrotabúi Kaupfélags Austfjarða, málskostnað fyrir Hæstarétti, kr. 20.000.

Allur gjafsóknarkostnaður málsins fyrir Hæstarétti greiðist úr ríkissjóði, þar með talin málflutningslaun skipaðs talsmanns áfrýjanda, Sveins Snorrasonar hæstaréttarlögmans, kr. 20.000.

Dóminum ber að fullnægja að viðlagðri aðför að lögum.

Úrskurður skiptaréttar Seyðisfjarðar 11. ágúst 1972.

Hinn 8. mars 1968 var bú Kaupfélags Austfjarða, Seyðisfirði, tekið til skiptameðferðar sem gjaldþrota.

Hinn 18. nóvember 1969 var lagt fram á skiptafundi frumvarp að úthlutunargerð.

Þar var m. a. í almennum kröfum innstæða sóknaraðila, Sigurðar Stefánssonar, Austurvegi 11, Seyðisfirði, að fjárhæð kr. 27.052.34.

Sóknaraðili, Sigurður Stefánsson, gerði athugasemd við áðurgreint frumvarp að úthlutunargerð.

Á skiptafundi 22. desember 1971 vikur hinn reglulegi skiptaráðandi, Erlendur Björnsson, varnaraðili í þessu máli, sæti í málinu.

Hinn 7. janúar 1972 var Gísli Einarsson, Eskifirði, skipaður setudómari í málinu.

Málið var tekið fyrir í skiptarétti 7. júní 1972. Gagnaöflun var lokið 9. þ. m., og var málið þá tekið til úrskurðar eftir munnlegan flutning málsins.

Sáttatilaunir dómara reyndust árangurslausar.

Sóknaraðili, Sigurður Stefánsson, gerir þær dómkröfur, að honum verði greidd innstæða hans, kr. 27.052.34 með 7% ársvöxtum frá 1. janúar 1969 til greiðsludags, aðallega utan skuldaraðar, þar sem um andvirði umboðssölu sé að ræða, til vara, að sér verði greidd krafan, kr. 27.052.34 með áðurgreindum vöxtum, sem forgangskrafa sem laun samkvæmt 83. gr. skiptalaga.

Þá krefst sóknaraðili málskostnaðar eftir mati dómsins.

Varnaraðili, Erlendur Björnsson, skiptaráðandi vegna þrotabús Kaupfélags Austfjarða, hefur mótmælt kröfu sóknaraðilja um breytingu á frumvarpi að úthlutunargerð úr þrotabúi Kaupfélags Austfjarða. Ekki er gerð krafa um málskostnað.

Sóknaraðili, Sigurður Stefánsson, styður kröfu sína þeim rökum, að hann hafi á árinu 1967 lagt inn afurðir í Kaupfélag Austfjarða, Seyðisfirði. Kaupfélag Austfjarða hafi tekið afurðir hans í umboðssölu, en afurðir þessar hafi verið færðar á sérstakan afurðasölureikning hjá kaupfélaginu og síðan hafi kaupfélagið reiknað umboðssölulaun af afurðunum, þá er þær voru seldar, og því séu afurðirnar hans eigin, meðan lokauppgjör hefur eigi fram farið, og því hafi krafa hans forgangsrétt í þrotabúið.

Þá heldur sóknaraðili því fram, að þar sem innstæða hans sé afurðaeftirstöðvar frá árinu 1967, þá megi skoða hana sem hluta af launum hans sem bónda, þ. e. framleiðanda á því ári, sem einnig leiði til forgangsréttar á kröfunni.

Varnaraðili, Erlendur Björnsson skiptaráðandi vegna þrotabús Kaupfélags Austfjarða, styður kröfu sína þeim rökum, að sóknaraðili hafi ekki getað átt rétt á því, að sér væri skilað aftur innlögðum afurðum frá árinu 1967, þar sem þeim hafi ekki verið haldið aðgreindum frá afurðum annarra viðskiptamanna félagsins og þær höfðu væntanlega verið seldar að mestu leyti. Sóknaraðili hafi ekki sýnt fram á eða gert líklegt, að hann hafi átt hlutbundinn rétt yfir nefndum afurðum, eftir að kaupfélagið tók við þeim. Ekki hafi hann heldur sýnt fram á, að kaupfélagið og síðar

protabúið hafi átt að halda andvirði afurða hans aðgreindu frá öðru fé sínu.

Þá hafi sóknaraðili eigi heldur sýnt fram á, að krafa hans eigi forgangsrétt samkvæmt 82.-89. gr. skiptalaga. Krafa sóknaraðilja geti ekki fallið undir það að vera kaup vinnuhjúa eða annarra þjónustumanna, sbr. 83. gr. skiptalaga, b, 5.

Fyrir dóminn kom Birgir Hallvarðsson, sem var kaupfélagsstjóri frá því 1. október 1965 til ársloka 1967.

Framburður hans var tekinn gildur sem staðfestur og var eigi mótmælt.

Kaupfélagsstjórinn fyrrverandi skýrði frá því, að kaupfélagið hafi rekið sláturhús. Hafi bændur komið með fé sitt til slátrunar og hafi verið sláttrað fyrir hvern fyrir sig. Innmatur hafi verið gerður upp strax við bændur.

Afurðum hafi verið haldið sér og þær vigtaðar og metnar í gæðaflokkamati. Matið og innleggið verið fært á skýrslu, sér fyrir hvern innleggjanda, og síðan færð ákveðin prósent af grundvallarverði Framleiðsluráðs landbúnaðarins á þeim tíma til tekna í viðskiptareikning innleggjanda hjá kaupfélaginu. Eftirstöðvar verðsins hafi svo verið greiddar innleggjanda eða færðar honum til tekna á viðskiptareikning hans fyrir næstu sláturtíð.

Kaupfélagsstjórinn fyrrverandi skýrði enn fremur frá því, að eftir að mat og vigtun hafi farið fram á afurðunum, þá hafi kjöt verið látið í frysti og gærur saltaðar, en ekkert verið aðgreint frá hverjum innleggjanda fyrir sig.

Þá upplýsti kaupfélagsstjórinn fyrrverandi, að andvirði allra afurða hafi verið fært á afurðasölureikning og síðan hafi kaupfélagið reiknað sér 2% umboðslaun af heildarfjárhæð afurða, að hann fastlega minnti.

Samkvæmt samþykktum Kaupfélags Austfjarða, sem hafa verið lagðar fram í málinu, þá var tilgangur félagsins m. a. að taka til sölumeðferðar allar söluhæfar framleiðsluvörur á félagssvæðinu.

Ekki er tekið fram í samþykktinni, á hvern hátt þetta skuli leyst af hendi.

Í framburði Birgis Hallvarðssonar kemur glögglega fram sá viðskiptamáti, sem hafður var á afurðamóttöku og afurðasölu hjá félaginu.

Er ljóst, að við vigtun og mat er innleggjanda færður til tekna á viðskiptareikningi viss hluti af heildarverði innlagðra afurða og endanlegt uppgjör fyrir næstu sláturtíð þannig, að innleggj-

anda er þegar eftir mat og vigtun á afurðunum færður viss hluti afurðaverðsins til tekna, þ. e. áður en afurðirnar eru seldar.

Greinilegt er og, að engu er haldið sérgreindu eftir mat og vigtun og útilokað að sérgreina innlegg frá hverjum bónda fyrir sig.

Útilokað virðist því, að sóknaraðili hafi getað átt hlutbundinn rétt yfir innlögðum afurðum, eftir að kaupfélagið tók við þeim, þ. e. eftir mat og vigtun.

Þegar af þeim ástæðum, sem hér hafa verið greindar, lítur dómariinn svo á, að sóknaraðili eigi ekki að fá innstæðu sína greidda utan skuldaraðar.

Dómariinn lítur svo á, að skýra beri 83. gr. skiptalaga, b, 5, þröngt og geti sóknaraðili sem þáverandi bóndi eigi skoðast sem hjú eða þjónustumaður kaupfélagsins og fái því rök sóknaraðilja að þessu leyti eigi staðist.

Með vísun til framanritaðs eru kröfur sóknaraðilja eigi teknar til greina.

Málskostnaður fellur niður.

Því úrskurðast:

Kröfu Sigurðar Stefánssonar að fjárhæð kr. 27.052.34 í protabúi Kaupfélags Austfjarða, Seyðisfirði, ber að taka til greina sem almenna kröfu.